



16. apríl. 2024

Tílefni

**Göngu og hjólastígur um Vogastapa**

Höfundur

Davíð Viðarsson

Málsnúmer

2107005

### GÖNGU- OG HJÓLREIÐASTÍGUR Á VOGASTAPA

Það þarf varla að tilgreina þá kosti sem göngu- og hjólastígar geta hafa í för með sér s.s. vegna bættrar lýðheilsu og sjálfbærni í samgöngum og einnig þá jákvæðni sem getur orðið á byggðarþróun.

Í skýrslu Mannvits frá árinu 2013 eru tekin saman kortlagning á reiðhjólástíg frá Reykjanesbæ til Reykjavíkur; *Reiðhjólátengingin alþjóðaflugvallar við Íslands*. Þar er tekið fram að ökuhraði á Reykjanesbraut henti hjólræðum illa, ásamt þeim mikla umferðarþunga sem þar er. Í skýrslunni er lögð til ákjósanleg leið sem fer í gegnum Reykjanesbæ, um Vogastapa, Vatnsleysustrandarveg, um Hvassahraun og til Hafnarfjarðar.

Tækniþjónusta Sigurðar Ásgrímssonar hefur unnið fyrir Voga og Reykjanesbæ að forhönnun stíga á svæðinu og er meðfylgjandi tillaga að hönnun frá Reykjanesbæ að Vogum ásamt tengingu við Seltjörn og nærliggjandi útivistarsvæði þar.

Vegagerðin hefur hvatt Sveitarfélagið Voga til þess að hefjast handa við stígagerðina á þessu ári og er ætlunin að gera það og hefja lagningu á undirlagi á 3 km kafla frá Vogum upp á Stapa. Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga leggur upp með að klára stígagerðina innan sveitarfélagsins á þremur árum ef vel gengur. Uppleggið er að hönnunargögn fyrir leiðina verði tilbúin í maí nk. Þá verði þau send hagsmunadílum til umsagnar; Minjastofnun, landeigendum, sveitarfélögunum og í öryggisrýni hjá Vegagerðinni. Vonast er til að hægt verði að bjóða út vinnu við undirbyggingu á stígnum í sumari á 3 km leið og þeirri vinnu verði lokið um næstu áramót.

Það er tillaga landeiganda og skipulagsnefndar í Vogum að Gamli Keflavíkurvegurinn verði farinn að mestu. Þar sé um mun skemmtilegri leið að ræða fjær Reykjanesbrautinni og í stíl við þá strandstíga sem liggja víða í Reykjanesbæ. Við það tækifæri gefst einnig gott tækifæri til að vernda og endurgera hleðslur á Gamla Keflavíkurveginum. Við þessa tillögu verður stígurinn að lengri hluta innan Voga m.v. það sem tillögur gerðu áður ráð fyrir. Því er óskað eftir því að hlutdeild við kostnað muni skiptast á milli sveitarfélaganna á þeim hluta leiðarinnar. Styrkveiting Vegagerðarinnar við verkefnið er allt að 70%. Með von um jákvæð viðbrögð og áframhaldandi gott samstarf í þessu verkefni.

Virðingarfyllt,



Vogar  
Skýpulags- og  
byggingarfulltrúi

Davíð Viðarsson

Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssvið

Fylgigögn:

Fyrirhuguð leið stíga um Vogastapa og nærsvæði

Punktur frá landeigendum



Reykjanesbær

RNB áfangi 1 = 1660 m




RNB og Vogar áfangi 2 = 1335 m

Vogar áfangi 6,7 og 8 = 2970 m

Sveitarfélagið Vogar  
Reykjanesbær


RNB og Vogar áfangi 3 = 635 m




RNB og Vogar áfangi 4 = 375 m



RNB áfangi 5 = 1840 m



Vogar



Seltjörn